

5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931, og gildir frá 31. marz 1966 til 31. marz 1976, birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá nr. 202 24. marz 1964, um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á þessu tímabili á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. marz 1966.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

um byggingasjóð rannsóknastarfseminnar.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist byggingasjóður rannsóknastarfseminnar.

2. gr.

Byggingasjóður rannsóknastarfseminnar er í vörzlu Rannsóknaráðs ríkisins, og skal ársreikningur sjóðsins fylgja ársreikningi Rannsóknaráðs og endurskoðast á sama hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands, svo og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til þess að standa straum af stofnkostnaði við rannsóknastarfsemina í landinu, einkum til byggingaframkvæmda og meiri háttar tækja-kaupa.

5. gr.

Framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs ríkisins gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðstöfun á tekjum sjóðsins, og er úthlutun úr sjóðnum háð samþykki þess.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af 60. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. marz 1966.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.